

Árangurskönnun Menningarverkefni

**NÐURSTÖÐUR KÖNNUNAR UM ÁRANGURSMAT STYRKTRA VERKEFNA Í
UPPBYGGINGARSJÓÐI SUÐURLANDS SEM UNNIN VORU Á ÁRINU 2018**



11. desember 2019
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir
Hrafnkell Guðnason

Almennt

Könnun þessi fjallar um árangur og þjónustu er tengjast verkefnum sem hlutu styrk úr menningarhluta Uppbyggingarsjóðs Suðurlands árið 2017. Könnunin var send út í október 2019 til þeirra sem hlutu styrk á árinu 2017.

Alls fengu 80 styrkhafar könnun þessa senda með tölvupósti ásamt tveimur áminningum og fékkst 53% svörun frá 42 styrkþegum.

Flestir þeirra sem svöruðu könnuninni tilheyrðu flokknum "Menningararfi/safnamál" eða 24%. Þar á eftir var dreifingin nokkuð jöfn milli nokkura flokka eins og sjá má á eftirfarandi skífuriti.

Árangur verkefna


Allir sem svöruðu könnuninni luku við verkefni sín með lokaskýrslu nema eitt verkefni, það fór ekki af stað og féll styrkveiting niður. Á árinu 2017 var 80 aðilum veittir 92 styrkir vegna menningarverkefna.

Verkefnum lokið án fullnaðargreiðslu voru samtals 9 eða 9,8%, þar af var hætt við 7 verkefni en tveimur verkefnum lauk án þess að styrkveitingin hafi verið að fullu sótt til SASS.


Spurðir hver upphæð styrkveitingar svöruðu 27% að styrkurinn hafi verið undir 250 þúsund, 41% á bilinu 251-500 þúsund, 22% hlutu 501 þúsund – 1 milljón og 10% fengu úthlutað styrk yfir 1 milljón krónur.

Spurt var um hversu margir mættu á viðburð eða samkomu sem tengdist verkefninu. Svöruðu 29% að 101-500 manns hefðu mætt, 10% að 501-1000 manns hefðu mætt og 10% að fleiri en það hefðu mætt. Ef þessar niðurstöður eru speglaðar á þá 80 sem fengu styrk í menningarhlutanum reiknast okkur til að um 27.000 manns hafi mætt á alla þá viðburði sem haldnir voru.


Hvaða flokki menningarverkefna tilheyrir þitt verkefni?



Hver var upphæð styrksins sem verkefnið hlaut?



Ef um viðburð/samkomu var að ræða, hversu margir mættu?







Helmingur svarenda eða 50% taldi að verkefnið hefði ekki orðið að veruleika ef styrkveiting hefði ekki fengist, 21% töldu að það hefði orðið að veruleika þó ekki hefði fengist styrkur og 29% voru ekki vissir. 98% svarenda töldu verkefnið hafa náð góðum eða mjög góðum árangri með tilliti til markmiða Uppbyggingarsjóðs um að efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi.

Spurðir um framhald á verkefninu taldi 74% svarenda að framhald yrði á verkefninu sem eru virkilega jákvæðar niðurstöður, sérstaklega í ljósi þess að helmingur taldi að verkefnið hefði ekki orðið að veruleika án aðkomu Uppbyggingarsjóðs. Aðeins 5% töldu að ekkert framhald yrði á verkefninu.

Hvernig metur þú árangur með tilliti til markmiða sjóðsins



Telur þú mögulegt að framhald verði á verkefninu?




Um styrkveitingar á vegum SASS

Þegar spurt er um stærð og fjölda styrkveitinga til menningarverkefna á Suðurlandi er stærstur meirihluti á því að stærð og fjöldi eigi að ráðast af eðli umsókna/verkefna hverju sinni, eða að fjölbreytni eigi að ríkja í stærð styrkveitinga, alls 76%. Eftir á að hyggja hefði mátt sameina þessa tvo svarmöguleika, þar sem þeir eru ansi líkir. Alls 12% töldu styrkina eiga að vera fáa og stóra og jafnmargir töldu þá eiga að vera marga og smáa.


Þegar spurt var um fjölda úthlutana á ári voru nánast allir styrkhafar sammála því að tvær úthlutanir eigi að vera á ári, að vori og hausti, eða 90%.

Spurt var hversu ánægður eða óánægður viðkomandi var með styrkveitingu á vegum SASS og sögðust 90% vera frekar eða mjög ánægðir með styrkveitinguna. Niðurstöðurnar eru svipaðar 2016 niðurstöðunum en þó örlítið betri þetta árið þar sem engin mældis frekar eða mjög óánægður en 6% sögðust vera það árið 2016.

Hvað lýsir almennt best skoðun þinni á stærð og fjölda styrkveitinga til menningarverkefna á Suðurlandi?



Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með styrkveitingu á vegum SASS?





ÞJÓNUSTA SASS


Spurt var út í þætti sem tengjast þjónustu SASS. Niðurstöðurnar úr þessum lið voru ánægjulegar og nokkuð ólíkar niðurstöðum 2016 könnunar. Tæplega 90% voru mjög eða frekar ánægðir með handleiðslu og eftirfylgni ráðgjafa á vegum SASS. Árið 2016 var stór meirihluti á sömu skoðun nema hvað að þá voru um 26% hvorki né. Þar sem verkefnum það árið var ekki öllum lokið má kannski áætla að ekki alir hafi fengið handleiðslu og eftirfylgni, en þó er erfitt að segja afhverju þessi munur stafar. Sama má segja með útgreiðslu styrkja. Í ár var mikil ánægja með það og 93% mjög eða frekar ánægð með útgreiðslu styrkja. Árið 2016 voru 10% frekar eða mjög óánægðir og tæp 30% hvorki né (höfðu líklega ekki fengið útgreiðslu á þeim tímapunkti). Greinilegt er að almennt ríkir frekar eða mjög mikil ánægja með þjónustu ráðgjafa og starfsfólks SASS.

Eins og áður var spurt hvort viðkomandi teldi þörf á aukinni stuðningsþjónustu við menningu og listir á Suðurlandi. 71% taldi svo vera, 5% töldu svo ekki vera og 24% sögðust ekki vita það.


Spurt var hvar þau teldu stuðningsþjónustu helst ábótavant og var gefin kostur á að haka við eins marga möguleika og hver taldi þörf á. Áhugavert er að sjá að svörin eru algjörlega í takt við svörin 2015, efstu fjórir flokkarnir eru þeir sömu.

Mesta þörfin virðist vera á „aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun“ en alls 52% svarenda voru sammála um það. „Aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði“ töldu 38% að mætti auka þjónustuna við, markaðsmál fylgdu þar á eftir með 29% fylgi og þá „handleiðsla og ráðgjöf“ sem 24% töldu þörf á meiri þjónustu. Einhverjum nýjum flokkum var bætt við þessa könnun m.v. 2016. T.d. „Aðgengi að fræðslu og þekkingu“ og töldu 19% þörf á aukinni þjónustu þar.

Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með handleiðslu og eftirfylgni ráðgjafa á vegum SASS?



Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með útgreiðslu styrkveitinga?



| ANSWER CHOICES | RESPONSES | |
|---|-----------|----|
| ▼ Aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun | 52% | 22 |
| ▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði | 38% | 16 |
| ▼ Aðstoð við markaðsmál | 29% | 12 |
| ▼ Handleiðslu og ráðgjöf | 24% | 10 |
| ▼ Aðgengi að fræðslu og þekkingu | 19% | 8 |
| ▼ Upplýsingaþjónusta | 12% | 5 |
| ▼ Eftirfylgni styrkveitinga | 12% | 5 |
| ▼ Aðstoð við verkefnastjórnun | 12% | 5 |
| ▼ Aðstoð við gerð styrkumsókna í Uppbyggjarsjóð | 10% | 4 |
| ▼ Annað, þá hvað | Responses | 7% |
| ▼ Aðstoð við útflytning | 2% | 1 |
| Total Respondents: 42 | | |



Niðurstöður

Stefnt er að því að könnunin sé ávalt send út í byrjun hvers árs til þeirra sem hlutu styrk rúmu ári áður og hafa þá allir styrkþegar lokið við verkefni sín. Spurningum og svarmöguleikum var örlítið breytt í ár til samræmis við það. Næst verður könnunin því send út í byrjun árs 2020 til þeirra sem hlutu styrk á árinu 2018 og svo koll af kolli.

Svo virðist vera sem styrkþegar séu almennt nokkuð ánægðir með úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði og að verkefni séu að ganga nokkuð vel og skila góðum árangri. Ánægjulegt er að sjá að langflestir eru mjög eða frekar sáttir við þjónustu á vegum starfsfólks og ráðgjafa á vegum SASS.

Mjög greinilegt er hvar SASS þarf að bæta sig í stuðningsþjónustu þar sem svörunin er nánast sú sama hvort bæði þegar eldri könnun er skoðuð og eins niðurstöður úr verkefnum sem hlutu styrk úr Atvinnuþróun- og nýsköpun. Langflestir eru sammála því að þörf sé á aukinni þjónustu við eftirfarandi flokka: „aðstoð við fjármál og/eða fjármögnun“, „aðstoð við gerð styrkumsókna í aðra sjóði“, og „aðstoð við markaðsmál“.